



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 10/2012

### Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banka hf. (sjá umsögn við umræðuskjal 5/2012)
2. Samtökum Fjármálafyrirtækja
3. Íslandsbanka

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 10/2012 varð að reglum nr. 1250/2012 um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Íslandsbanki	5.gr.	<p>Að mati Íslandsbanka er varasamt að settar séu sértækar íþyngjandi takmarkanir fyrir íslensk fjármálafyrirtæki á einstökum tegundum viðbótareiginfjárliða, sbr. lið 2 og 3 í dreifibréfi dagsettu 7. nóvember 2012, án þess að fram fari ítarleg greining á mögulegum áhrifum þess á fjármögnunarmöguleika og arðsemi. Ein af forsendum þeim sem Seðlabanki Íslands setur fyrir því að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin er aðgengi íslenska ríkisins og íslenskra fjármálafyrirtækja að erlendum mörkuðum. Takmarkanir þær sem hér um ræðir geta haft ófyrirséð neikvæð áhrif á þann aðgang og því nauðsynlegt að frekari greining liggji til grundvallar að þessum breytingum.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
2	Samtök fjármálafyrirtækja	Almenn umsögn	<p>Fjármálaeftirlitið sendi tvívegis á síðasta ári frá sér til umsagnar drög að reglum um viðbótareiginfjárliði, í fyrri skiptið þann 28. júní og í síðara skiptið þann 7. nóvember 2012. Í fyrri drögum voru breytingar að mestu í samræmi við Evrópurétt á þessu sviði en í seinni drögunum vikur svo við að heimildir til töku víkjandi lána með blendingsbréfum eru þrengdar frá því sem er í gildandi Evrópurétti og áformað er samkvæmt Basel III og CRD IV. Þannig er hámark blendingsbréfa án endurgreiðslu eða endurgreiðsluréttar (call option) sett sem 10% af eiginfjárbætti í nýrri drögun en var 50% í eldri drögum (og Evrópurétti). Þá er hámark blendingsbréfa með endurgreiðslurétti (call option) sett sem 5% af eiginfjárbætti A en var 35% í eldri drögum (og Evrópurétti). Þessar breytingar eru veigamiklar og takmarka verulega möguleika innlendra lánaafyrirtækja til þess að fjármagna sig með þessum hætti.</p> <p>Í þessu sambandi skipta tvö sjónarmið verulegu máli. Í fyrsta lagi hafa skilyrði víkjandi lána þegar verið þrengd verulega til þess að tryggja að slík fjármögnun virki sem raunverulegt eiginfé þegar á þarf halda. Þessar breytingar leiða að vinnu við G20 hópsins, FSB og Alþjóðagreiðslubankans í kjölfar frjármálakreppunnar. Þessi skilyrði koma fram í ákvæðum 2. – 4. gr. reglugranna. Vandséð er, í ljósi þeirra skilyrða, að setja þurfi þrengri mörk hér á landi um þessa fjármögnun. Ofangreind mörk í Evrópurétti, þ.e. 50% og 35% er sett með tillit til þessa.</p> <p>Í öðru lagi er nú stefna Evrópusambandsins (ESB) að samræma sem mest reglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) varðandi fjármálastarfsemi og hverfa sem mest frá sérákvæðum og sérútfærslum einstakra aðildarríkja varðandi reglur um fjármálastarfsemi. Samtök fjármálafyrirtækja leggja áherslu á að reglur hér á landi fylgi því sem gerist á EES.</p> <p>Þessi þrengri mörk sem lögð eru til í síðari drögum reglnanna munu íþyngja íslensku lánaafyrirtækjum og veikja samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum lánaafyrirtækjum sem þau eru í samkeppni við um viðskipti innlendra fyrirtækja. Þá munu þessi mörk torvela aðgengi lánaafyrirtækja að erlendum mörkuðum en vel kemur greina að á næstu misserum verði áhugi til töku lána af þessu tagi m.a. til að endurfjármagna eldri víkjandi lán, m.a. frá ríkissjóði.</p>

			<p>Því vinnur þetta fyrirkomulag gegn aðgengi fjármálafyrirtækja að erlendum lánamörkuðum og torveldar afnám gjaldeyrishafta. En aðgengi fjármálafyrirtækja að erlendum gjaldeyrismörkuðum er forsenda afnáms hafta sbr. greiningu Seðlabankans. Loks munu þessara séríslensku takmarkanir hafa neikvæð áhrif á virði innlendra fjármálafyrirtækja og eignarhluta í þeim.</p>
--	--	--	---